



Alþingi, Samgöngunefnd  
Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2679  
komudagur 14.5.2008

Ísafirði 13. maí 2008

*Umsögn til Alþingis frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með vísan til bréfs Samgöngunefndar Alþingis, dags 29. apríl 2008. Ósk um umsögn þingsályktun um viðauka við samgönguáætlun 2007-2010. Þingskjal 820–519. mál.*

## Vegaáætlun

Umsögn sem hér er lögð fram um þingsályktun um viðauka viðsamgönguáætlun 2007-2010, byggir á áherslum úr núverandi samgönguáætlun Fjórðungssambandsins og ályktunum sem samgöngunefnd hefur samþykkt samhliða vinnu að gerð nýrrar samgönguáætlunar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill fagna því að í þessum viðauka sem kemur inn á áætlunartímabilinu 2007-2010 verður hafist handa við ný verkefni og lokið við önnur verkefni, sem áhersla hefur verið lögð á í samgönguáætlun Fjórðungssambandsins.

Stefna vestfirskra sveitarstjórna kemur fram í stefnumótun í samgöngumálum sem samþykkt var á Fjórðungspingi 1997 og endurskoðuð á árinu 2004. Nú er unnið að endurskoðun síðustu áætlunar á vegum samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga. Miðað við að ljúka þeirri vinnu nú í júní n.k. og að ný áætlun hún komi til afgreiðslu Fjórðungspings Vestfirðinga sem haldið verður í byrjun september n.k.. Mikilvægt er að Alþingi taki tilliti til þeirra tillagna sem þar koma fram, þegar endurskoðuð samgönguáætlun 2007-2018 verður lögð fram á haustþingi 2008..

Í fyrirbyggjandi samgönguáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga er unnið með fjögur skilgreind samgöngusvæði þ.e. Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Reykhólahrepp og Vestur Barðastrandasýslu. Sett eru fram þrjú meginatriði í eftirfarandi tímaröð (upphaflega sett fram á árinu 1997):

1. Tenging innan samgöngusvæða Vestfjarða það er, vegi með bundnu slitlagi milli þéttbýlisstaða, inn á flugvelli og inn á ferjustaði.
2. Tenging samgöngusvæða við þjóðvegakerfi landsins með uppbyggingu Vestfjarðavegar og vegar í Ísafjarðardjúpi
3. Tenging milli samgöngusvæða, með vegi um Arnkötludal og göng milli Dýrafjarðar og Arnafjarðar og göng áfram undir Dynjandisheiði.

Mat Fjórðungssambands Vestfirðinga á stöðu ofangreindra verkefna í lok samgönguáætlunar 2007-2010 og nú með viðauka við áætlunina verði sem hér segir;

1. Lokið hefur verið framkvæmdum á vegi með bundnu slitlagi á árinu 2009 til Drangness. Ekki hefur verið lokið við framkvæmdir á vegi með bundnu slitlagi að flugvelli í Patreksfirði.



2. Lokið verður framkvæmdum í Ísafjarðardjúpi með áætluðu verklokum 2010 og sama ár framkvæmdum við Vestfjarðaveg frá Þorskafirði (vestanverðum) að Kollafirði. Vænst er að endurbyggingu vegar með slitlagi úr Vattarfirði og að Þingmannaá í Vatnsfirði verði lokið á sama tíma. Ekki hægt að telja framkvæmd við Vestfjarðaveg 60 sé þó lokið fyrr en lokið er þverun Þorskafjarðar.
3. Lokið er gerð vegar um Arnkötuldal, með verklokum 2009. Hafin verður framkvæmd við jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, lítillega á árinu 2009 en að fullu á árinu 2010, miðað er við verklok árið 2012. Ekki er tímasettar framkvæmdir með áframhaldandi göngum um Dýnjandisheiði.

Óshlíðargöng komu síðan inn sem nýtt verkefni miðað við samgönguáætlun Fjórðungssambandsins og eru áætluð verklok þar árið 2010.

Í ályktun sem samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkti í upphafi vinnu við endurskoðun samgönguáætlunar, þann 7. desember 2007 segir;

*Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga sem er skipuð fulltrúum allra sveitarfélaga á Vestfirðum, skorar á Kristján L Möller, samgönguráðherra, að fylgja eftir samþykktum vestfirskra sveitarstjórnarmanna í vegamálum. Þar eru brynustu forgangsverkefni þau að flyta framkvæmdum við Vestfjarðaveg, þ.m.t. þverun Þorskafjarðar, hraða undirbúningi að heilsársvegtengingu frá Patreksfirði til Ísafjarðar, með jarðgöngum milli suður- og norðursvæðis Vestfjarða og stórbæta vegi á Ströndum einkum í Árnes- og Kaldrananeshreppum.*

*Hafin er vinna við endurskoðun stefnumótunar Fjórðungssambands Vestfirðinga í samgöngumálum frá 2004. Umfangsmiklar samgöngubætur eru að verða að veruleika á Vestfirðum og má þar telja göng milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar, þverun Mjóafjarðar í Ísafjarðardjúpi og gerð vegar um Arnkötuldal. Þó er enn mjög langt í land til að samgöngur í fjórðungnum geti talist fullnægjandi. Því mun samgöngunefnd leggja fram endurskoðaða samgönguáætlun fyrir Vestfirði sem mikilvægt er að tekið verði tilliti til við umfjöllun í samgönguáætlun Alþingis fyrir árin 2007 – 2018.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga bendir á að í viðauka við samgönguáætlun 2007-2010 eru atriði í samþykkt samgöngunefndar sem ekki koma fram og eða þurfa að ganga lengra á áætlunartímabilinu. Hér er um að ræða þverun Þorskafjarðar, jarðgöng er tryggja heilsársvegtengingu milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar og vegaframkvæmdir á Strandavegi (643) norðan Kaldbaksvíkur. Varðandi síðasta atriði er enn og aftur bent á ítrekaðan vilja Alþingis með þingsályktun um aðgerðir til vemdunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu frá árin 2003. Ályktunin hefur verið reglulega rædd á Alþingi, nú síðast í fyrirspurnartíma þann 7. nóvember 2007. Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur áherslu að tryggja aukna fjármögnun til þessara verkefna, hvort sem það heitir af samgönguáætlun, viðauka við samgönguáætlun, með fjármunum af sölu Símans og eða með sérstökum fjárveitingum.



Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur síðan áherslu á að verði sett aukið fjármagn á áætlunartímabilinu 2007-2010 til rannsókna og hönnunar á vegstæðum og jarðgöngum sem hér að framan greinir og möguleika á siglingu hraðferja um Breiðafjörð og Arnarfjörð. Fjórðungssamband Vestfirðinga sendi Veggerðinni erindi um það mál í apríl s.l. og væntir svara við því fljótlega. Mikilvægt er að geta tryggt þessum rannsóknum framgang til að tryggja samfellu í framkvæmdum. Áherslur stjórnvalda eru fyrirbyggjandi með vísan til áherslna sem samþykktar eru Bygðaaáætlun 2006-2008 og tillögum í Vaxtarsamningi Vestfjarða, frá árinu 2005. Þar kemur fram nauðsyn á að hraða framkvæmdum við tengingu þjónustusvæða við byggðakjarna og megi telja í raun lífspursmál fyrir svæðin og fyrir Ísafjörð sem landshlutakjarna. Síðast en ekki síst verða slíkar rannsóknir vera til reiðu nú í ljósi hugsanlegra framkvæmda við olúhreinsistöð í Arnarfirði og eða Dýrafirði.

## Flugsamgöngur.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerði á sínum tíma ekki athugasemdir við samgönguáætlun 2007-2010 um áætlanir um uppbyggingu búnaðar og aðstöðu á áætlunarflugvöllum á Vestfjörðum. En ítrekað er mikilvægi þess að tryggja öryggi í flugi og leysa tæknilegar hindranir fyrir áætlunarflug yfir vetrarmánuðina. Flugsamgöngur væru mikilvægur þáttur fyrir uppbyggingu byggðakjarna á Ísafirði, vegna viðskipta, þjónustu, rannsókna og menntunar jafnt á háskóla- og framhaldsskólastigi. Á sama hátt væru áætlunarflugvellir á Bíldudal og Gjögri mikilvægir fyrir samgöngur þeirra svæða sem þeir þjóna. Fjórðungssambandið benti einnig á sínum tíma að verulegir framtíðarmöguleikar gætu verið fólgnir í ferðaþjónustu um Patreksfjarðarflugvöll og taka bæri til skoðunar að hefja rekstur hans að nýju.

Frá gerð umsagnar Fjórðungssambands Vestfirðinga í mars 2007, hefur orðið mikill vöxtur og hröð þróun ferðaþjónusta í tengslum við sjóstangveiði. Ljóst er nú að áætlunarflugvellirnir á Bíldudal og Ísafirði eru nú orðin forsenda þeirrar uppbyggingar. Aukin áhugi er einnig fyrir beinu millilandaflugi með farþega og einnig afurðir frá Vestfjörðum og að lokum má nefna samþykkt þingsályktunar á vorþingi 2007 um Ísafjörð sem þjónustumiðstöð við Austur Grænland. Að nokkru leyti hefur verið brugðist við þessari þróun. Unnið er að úttekt á lengingu Bíldudalsflugvallar í allt að 1.200 m, til þess að hann geti þjónað núverandi flugvélagkosti flugfélaganna. Einnig liggur fyrir úttekt á uppbyggingu aðstöðu á Ísafjarðarflugvelli varðandi móttöku farþega utan Schengen svæðis og úttekt á næturflugi á Þingeyrarflugvöll. Framkvæmd þessara verkefna þarf að tryggja fjármagn.

Málefni Reykjavíkurlugvallar hafa einnig komið til umræðu á vettvangi samgöngunefndar Fjórðungssambandsins. Á fundi sínum þann 14. janúar 2008 var samþykkt eftirfarandi ályktun um Reykjavíkurlugvöll og samgöngumiðstöð.

*Starfshópur um endurskoðun samgönguáætlunar Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir yfir stuðningi við fyrirhugaða byggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri.*



Ljóst er að með tilkomu slíkrar samgöngumiðstöðvar munu tengsl landsbyggðar- og höfuðborgar eflast. Einkum með tilliti til þeirra mennta- og rannsóknastofnanna sem verið eru og verið er að staðsetja í Vatnsmýrinni og miðbæ Reykjavíkur.

Þá gerir staðsetning samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni allan aðgang landsmanna til og frá höfuðstaðnum auðveldari og fljótvirkari. Þar sem stjórnsýsla og stór hluti þjónustu ríkisins, s.s. sérhæfðari heilbrigðisþjónusta, er til staðar í höfuðborginni, er mjög mikilvægt fyrir íbúa landsbyggðarinnar að hafa greiðan aðgang að þeirri þjónustu, í gegnum samgöngumiðstöð í Vatnsmýri.

Jafnframt eru í byggingu menningar- og þjónustumiðstöðvar á Hafnarsvæðinu í Reykjavík, sem er örstutt í frá Reykjavíkflugvelli. Staðsetning flugvallar og samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni styrkir einnig ferðamannaíðnaðinn því ekki þarf að fara langa vegalengd með ferðamenn eða ráðstefnugesti til að sýna þeim landið, hvort sem er í lofli eða á láði.

Í dag fara fleiri farþegar í gegnum Reykjavíkflugvöll, heldur en gerðu í millilandaflugi árið 1987 þegar Flugstöð Leifs Eiríkssonar var opnuð. Það er því löngu tímabært að höfuðstaður Íslendinga fá sína samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni og geti þar með boðið gestum sínum upp á fyrsta flokks þjónustu.

## Siglingamálaáætlun

Fjórðungssamband Vestfirðinga mat í umsögn sinni í mars 2007 að samgönguáætlun 2007-2010 er varðaði siglingarmál teldist viðunandi. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur á sama hátt að viðauki við samgönguáætlun 2007-2010 sé viðunandi og þær aðgerðir sem gripið er til vegna samdráttar í þorskveiðum. Þetta er þó sagt með fyrirvara ef aðstæður koma til með að breytast.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill að lokum ítreka niðurlagsorð umsagnar sambandsins um samgönguáætlun 2007-2010.

Góðar samgöngur eru grundvöllur þess að atvinnulíf og byggð blómstri á Vestfjörðum. Tílhögun þungaflutninga sem hefur á skömmum tíma farið úr áherslu á sjóflutningum yfir á landflutninga. Uppbygging vegakerfisins á Vestfjörðum var hinsvegar ekki undirbúið með þetta í huga, enda sjóflutningar um aldir verið helsta flutningsleið til og frá fjórðungnum. Samkeppnisstaða atvinnulífsins hefur því skekkst til muna af þessum sökum. Fer þar saman að vegalengdir til útskipunarhafnar eru langar og burðarþol vegakerfisins víða ekki viðunandi til að taka við þessum auknu flutningum.

Sjávarútvegsclassi innan Vaxtarsamnings Vestfjarða hefur unnið ítarlega vinnu með flutningsaðilum við að greina flutningskostnað og leiðir til að lækka hann. Niðurstaða klasans er að taka verði upp tímabundnar fjárstuðning til að koma á reglubundnum strandsiglingum.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson  
Framkvæmdastjóri